

Reykjavík 10. janúar 2006.

Umsögn lögmanna og starfsfólks Neyðarmóttöku vegna nauðgana á Slysa-
og bráðadeild LSH við frumvarp til laga um breytingu á almennum
hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (heimilisofbeldi).

Við lýsum yfir ánægju í öllum aðalatriðum með frumvarp til laga um breytingu á
almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (heimilisofbeldi).
Það er þó álit okkar að að matskennt sé hvað teljist til stórfelldrar ærumeiðingar í
skilningi 3. gr. frumvarpsins og að skýra þurfi nánar í greinargerð hvað í því felist.

Til þess að frumvarpið nái tilgangi sínum viljum gera eftirfarandi athugasemdir:

1. Við teljum að setja þurfi skýrari ákvæði í lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála um tilnefningu réttargæslumanna við rannsókn lögreglu á heimilisofbeldismálum, til samræmis við ákvæði 1. mgr. 44. gr. b. sl. Við leggjum til að sama regla gildi um tilnefningu og síðar skipun réttargæslumanna í heimilisofbeldismálum og að þolendum heimilisofbeldis sé undantekningalaust tilnefndur og síðar skipaður réttargæslumaður.

Þess skal getið að árið 2004 var LSH falin ráðstöfun á kr. 2.000.000 til tveggja ára sem þáverandi dómsmálaráðherra lagði til vegna lögfræðiþjónustu til handa þolendum heimilisofbeldis. Ljóst var í upphafi að það fjármagn myndi duga skammt. Lögmenn Neyðarmóttöku tóku að sér að veita þessa þjónustu fyrir þóknun sem að hámarki næmi kr. 50.000 með virðisaukaskatti og lögðu þeir þannig sitt af mörkum til þess að þróa þjónustuna og til þess að unnt væri að veita fleiri einstaklingum þessa þjónustu. Í ljósi framangreindrar reynslu af lögfræðiráðgjöf til þolenda heimilisofbeldis, er það mat okkar að brýn þörf sé á tilnefningu og síðar skipunar réttargæslumanna til handa þolendum heimilisofbeldis.


2. Jafnframt er brýnt að börn hafi stöðu stöðu brotþola og öðlist sjálfstæðan rétt til tilnefningar og síðar skipunar réttargæslumanns, einkum þegar um er að ræða börn sem misst hafa foreldri vegna ofbeldisverka sem tengjast heimilisofbeldi.
3. Þá teljum við, í ljósi reynslu okkar, að nánari reglur þurfi að setja vegna nálgunarbanns. Í fyrsta lagi verði brotþola (réttargæslumanni) veitt heimild til þess að koma að kröfu um nálgunarbann og að fylgja henni eftir fyrir dómstólum. Í öðru lagi verði að tryggja að nálgunarbanni verði framfylgt, eftir atvikum með


brottvísun geranda af heimili og heimsóknarbanni („austuríska aðferðin“) ef um ítrekuð brot er að ræða.

4. Í þeim tilfellum sem rannsókn opinberra mála er hætt eða mál felld niður þá verði brotapolum veitt aðstoð, eftir atvikum með gjafsókn, til þess að fylgja eftir slíkum málum fyrir dómstólum til heimtu miska/skaðabóta.
5. Í verklagsreglum lögreglu þarf að skilgreina betur og tilnefna aðila hjá ákærvaldinu eða lögreglu, sem hefði það hlutverk að annast um samskipti við vitni, að boða þau til þess að bera vitni og til að upplýsa þau um hvað felist í að bera vitni í refsimálum.


Vegna áframhaldandi vinnu og umræðu vegna þessa frumvarps þá bjóðum við fúslega fram okkar aðstoð.


Virðingarfyllst.


Eyruń B. Jónsdóttir
Deildarstjóri
Neyðarmóttöku vegna nauðgunar.



Þórdís Bjarnadóttir, hdl.


Steinunn Guðbjartsdóttir, hrl.


Helga Leifsdóttir, hdl.


Ása Ólafsdóttir, hrl.

Komur vegna heimilisofbeldis 2003-2004 eftir aldri og kyni, n=959



Orsakir tilkynninga til barnaverndar

